

Nr. 2/1904:

Réttvísing

gegn

Guðmundi Einarssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Rangárvallasýslu, uppkveðnum 30. sept. f. á., var hinn ákærði unglingspiltur Guðmundur Einarsson á Háarima eða frá Snotru dæmdur fyrir svik samkv. 255. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 og með hliðsjón af 38. gr. sbr. 22. og 26. gr. sömu laga, til að sæta fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 10 daga, og til að greiða allan kostnað málsins, þar á meðal 4 kr. sem málsvarnarkaup til talsmanns síns í héraði. Dómi þessum hefir hlutadeigandi amtmaður skotið til yfirréttarins.

Það er sannað í málinu með eiginni játningu hins ákærða, og öðrum skýrslum þess, að á þorranum í fyrra fór hann út að Stokkseyri og hafði þá meðferðis smjör nokkuð, er hann sjálfur átti, og jafnframt smjörböggul, um 12 pd., er Vilhjálmur Hildibrandsson í Dísukoti hafði beðið ákærða að reiða, en þetta smjör átti Guðlaugur Jónsson í Gvendarkoti. Ákærði lagði nú smjör sitt og jafnframt smjör Guðlaugs inn í verzlun á Stokkseyri og tók út á það alt saman kornmat og kaffi, og gjörði hann þetta í heimildarleysi að því er snerti smjör Guðlaugs, sem honum hafði verið fengið til flutnings. Þessu smjöri var þó síðar skilað aftur eigandanum, án þess að ákærði ætti nokkurn þátt í því.

Ákærði, sem eigi hefir áður sætt ákæru eða

hegningu fyrir neitt lagabrot, er fæddur 12. marz 1885 og var þannig eigi fullra 18 ára, er hann framdi þetta afbrot. Eftir skýrslum málsins var ákærði nokkuð »örvaður« af víni, er hann lagði smjöríð inn á Stokks-eyri. Brot hins ákærða heyrir undir 255. gr. alm. hegningarlaga, og þykir mega ákveða refsinguna fyrir það með hliðsjón af 38. gr. og 40. gr. sömu laga 6 daga fangelsi við venjulegan fangakost. Um málskostnað skal aukaréttardómurinn vera óraskaður, og verður hann því staðfestur með áminstri lækkun á refsingunni. Ákærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til hinna skipuðu málsfærslumanna við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. fyrir hvorn þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður, þó svo, að refsingin sé 6 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Ákærði Guðmundar Einarsson greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, málsfærslumanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.